

Samþyktt

52

1. maí

um kynbætur nautgripa í Skagafjarðarsýslu.

Sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu hefir, samkvæmt lögum nr. 20, 20. október 1905, gert eftirfarandi

s a m þ y k t

um kynbætur nautgripa í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Í Skagafjarðarsýslu skal skylt að geyma alla griðunga 5 mánaða og eldri annaðhvort í gripheldri girðinu, öruggu hliðarhafti, tjóðri, við innigjöf eða á annan hátt, sem talinn er jafntryggur.

2. gr.

Nú vanrækir einhver geymslu á griðungi samkvæmt framanskráðu og griðungur finst í annars manns landi og er ábúanda þá heimilt að aftra því, að hann geri skaða t. d. með því að hýsa hann, tjóðra eða hindra á annan hátt. Skal eigandi skyldur að borga allan kostnað, sem af því leiðir, enda sje eiganda gert aðvart um hindrun hans innan tveggja sólarhringa.

3. gr.

Nú hefir griðungur sloppið úr geymslu og gert skaða á kúm áður en það varð hindrað samkvæmt 2. gr. og er þá eigandi skyldur að bæta þann skaða að fullu.

Sleppi griðungur úr girðingu, er stendur undir stjórn og umsjón nautgriparræktarfjelags eða hreppnefndar skal nautgriparræktarfjelagið eða hreppssjóður greiða skaða þann, sem af því hlýst.

Akvæði þessarar greinar gilda um alla griðunga, sem hittast óhindraðir á samþyktarsvæðinu, eins þótt eigandi sje búsettur utan samþyktarsvæðisins.

4. gr.

Kostnað og skaðabætur samkvæmt 2. og 3. gr. skal greiða eftir mati 3 manna, er sýslumaður útnefnir í hvert skifti og er þeirra úrskurður bindandi fyrir málsaðilja og skal hann birtur tafarlaust.

Kostnað við matsgerð og skaðabætur falla í gjalddaga 10 dögum eftir að úrskurður er birtur.

5. gr.

Enginn á samþyktarsvæðinu má nota önnur naut til undaneldis en þau, sem valin eru til þess að nautgriparræktunarfjelaginu á staðnum, eða þar sem ekkert slíkt fjelag er til, af hlutadeigandi hreppnefnd. Skal nautgriparræktarfjelögum eða hreppnefndum skylt að sjá um, að ávalt sjeu til hæfilega margir griðungar til undaneldis og að þeir sjeu geymdir á hentugum stöðum og einnig hafa vald til þess að ákveða bolatolla.

52

1. maí

Griðungar, sem valdir eru til undaneldis skulu vera hraustir og þroskamiklir og eigi yngri en $1\frac{1}{2}$ árs; ætíð skulu þeir valdir af því besta kyni, sem kostur er á. Sömu einkenni skulu og þær kýr hafa, sem undaneldisnaut eru valin undan. Nautsmæður skulu valdar á aldrinum 4—12 ára.

Fóður og hirðing kúa og nauta, sem ætluð eru til undaneldis skal vanda sem best.

Leita skulu stjórnir nautgriparæktarfelaga álits eftirlitsmanns síns um val undaneldisnauta.

Nú á einhver griðung, sem að áliti hreppsnefndar eða stjórnar nautgriparæktarfelags, er vel hæfur til undaneldis og er þá eiganda þess óheimilt að farga slíku nauti, nema hann áður hafi gefið hreppsnefnd eða stjórn nautgriparæktarfelags kost á að kaupa það.

7. gr.

Hreppsnefndir á samþyktarsvæðinu hafa eftirlit með því, að fyrirmælum samþyktar þessarar sje hlýtt. Sje kosin sjerstök kynbótanefnd skal hún annast eftirlitið; sömuleiðis geta hreppsnefndir falið eftirlitið nautgriparæktarfelögum, ef til eru. Kostnað þann, sem af því leiðir greiða hlutaðeigandi nautgriparæktarfelög, þar sem þau eru til, annars greiðist kostnaðurinn úr hreppsjóði.

8. gr.

Þeir sem hafa framkvæmdir samþyktar þessarar á hendi skulu árlega semja skýrslu um starfsemi sína. Skal sú skýrsla semjast um áramót og sendast til oddvita sýslunefndar fyrir lok janúarmánaðar ár hvert. Birtir hann síðan skýrslu þessa árlega á sýslufundi. Skal oddviti annast geymslu nefndra skýrslna og skal þeim haldið sjerstökum í skjalasafni sýslunnar.

Verði stofnað eitt sameiginlegt nautgriparæktarfelag fyrir alla sýsluna skulu skýrslur þessar afhendast því til eignar, enda skulu þá slíkar ársskýrslur sendast eftir það til stjórnar þess felags.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 5—50 kr., er renna í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

10. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 1. júní 1919 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 1. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.